

63. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 9. mars 2018 kl. 10:00 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Sigrún Árnadóttir, Gunnar H. Garðarsson, Eggert Sólberg Jónsson, Berglind Kristinsdóttir, Þuríður Aradóttir Braun, Ásgeir Eiríksson, Jóhan D. Jónsson, Brynhildur Kristjánsdóttir, Guðjón Skúlason og Björk Guðjónsdóttir sem ritaði fundargerð.

Kjartan Már Kjartansson boðaði forföll.

Dagskrá:

1. *Morgunverðarfundur Markaðsstofu Reykjanes og Reykjanes Geopark 15. mars nk. Tillögur að tilnefningu til hvatningar- og nýsköpunarverðlauna ferðaþjónustunnar á Reykjanesi og þakkarverðlauna á árinu 2018.*

Lagðar fram tilnefningar til nýsköpunar- og hvatningarverðlauna annars vegar og þakkarverðlauna ferðaþjónustunnar á Reykjanesi 2018 hins vegar. Samþykkt að veita Duus Safnahúsum nýsköpunar- og hvatningarviðurkenninguna og að Hótel Keflavík hljóti þakkarviðurkenninguna.

2. *Starfsáætlun Markaðsstofu Reykjanes 2018.*

Verkefnastjóri MR fylgdi starfsáætlun Markaðsstofu Reykjanes vegna ársins 2018 úr hlaði. Stjórn Heklunnar samþykkir áætlunina.

3. *Íbúafundir á Suðurnesjum – Minnisblað.*


Verkefnastjórar Markaðsstofunnar og Reykjanes UNESCO Geopark sögðu frá íbúafundum sem fram fóru í öllum sveitarfélögum á Suðurnesjum. Mæting á fundina var afar góð og mikilvægar umræður fóru fram. Helstu málefni voru listuð upp og koma fram í minnisblaðinu.

4. *Atvinnuleysistödlur.*

Framkvæmdastjóra falið að fá framkvæmdastjóra Vinnumálastofnunar á fund Heklunnar.

| Atvinnuleysistödlur - Suðurnes, 6. mars 2018 | | | | |
|---|---------------|---------------|-------------|------------|
| | jan.18 | mar.18 | kvk. | kk. |
| Heildarfjöldi: | 392 | 441 | 228 | 213 |
| | | | | |
| Þar af í hlutastarfi: | 0 | 0 | | |
| Stígur | 7 | 7 | | |

| | | | | |
|----------------------|-----|-----|-----|-----|
| Reykjanesbær | 283 | 338 | 160 | 178 |
| Sandgerði | 41 | 35 | 15 | 20 |
| Garður | 17 | 22 | 13 | 9 |
| Vogar | 19 | 19 | 9 | 10 |
| Grindavík | 31 | 27 | 12 | 15 |
| Án bótaréttar | 0 | 0 | | |



| Aldur | Fjöldi | KK | KVK | % |
|--------------|---------------|-----------|------------|----------|
| 18-20 | 21 | 6 | 15 | 4,67% |
| 21-25 | 69 | 35 | 34 | 15,33% |
| 26-30 | 87 | 38 | 49 | 19,33% |
| 31-35 | 74 | 37 | 37 | 16,44% |
| 36-40 | 53 | 23 | 30 | 11,78% |
| 41-45 | 29 | 13 | 16 | 6,44% |
| 46-50 | 28 | 16 | 12 | 6,22% |
| 51-55 | 35 | 15 | 20 | 7,78% |
| 56-60 | 24 | 13 | 11 | 5,33% |
| 61-65 | 20 | 1 | 10 | 4,44% |
| 66-70 | 10 | 5 | 5 | 2,22% |
| | 450 | 202 | 239 | 100,00% |

5. Önnur mál.

- a) Reykjanes var tilnefnt til úrslita sem einn af bestu sjálfbæru áfangastöðum heims af samtökunum Green Destination árið 2018. Reykjanes hlaut þriðja sæti í flokknum Earth Awards, þ.e. þeir áfangastaðir sem lagt hafa sitt að mörkum til að draga úr loftslagsbreytingum. Stjórnin óskar íbúum og fyrirtækjum á svæðinu til hamingju með viðurkenninguna.

- b) Samstarfsverkefnið Reykjanes – við höfum góða sögu að segja var tilnefnt til Árunnar, íslensku auglýsingaverðlaunanna sem árangursríkasta markaðsherferðin árið 2018. Stjórnin óskar íbúum og fyrirtækjum á svæðinu til hamingju með tilnefninguna.
- c) Sveitarfélaginu Garði og Ferskum Vindum óskað til hamingju með Eyrarrósina sem féll í skaut menningarverkefnisins Ferskra Vinda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00.